

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 11/2019-2020.

Kærandi: N.N. (Pyrí Steingrímsdóttir hrl.)

Kærðu: Sýn/Valgerður Matthíasdóttir/Sunna Kristín Hilmarsdóttir

Kæruefni: Viðtal við Þórunni Antoníu Magnúsdóttur í Íslandi í dag og frétt á visir.is.

Málsmeðferð: Kærðan er dagsett 30. september 2020 en barst SBÍ þann 8. október. Málið var þá úrskurðað tækt til efnislegrar umfjöllunar og sent eftir andsvörum hinna kærðu. Þau bárust 3. nóvember. SBÍ fjallaði um málið á fundum sínum 10., 24. nóv. og 15. desember.

Málavextir

Kærðan beinist annars vegar að viðtali Valgerðar Matthíasdóttur við Þórunni Antoníu Magnúsdóttur í þættinum Ísland í dag á Stöð 2 þann 16. september sl., og hins vegar að frétt Sunnu Kristína Hilmarsdóttur á visir.is daginn eftir, með frásögn af viðtalinu. Viðtalið var fyrst og fremst um móðurhlutverkið hjá einstæðri móður með tvö börn og í tengslum við það um sambandsslit hennar og barnsföður síðara barnsins á meðgöngutímanum. Kærandi er barnsfaðir síðara barns Þórunnar Antoníu, en í viðtalinu var hann ekki nafngreindur. Forræðis- og umgengnisdeila viðkomandi foreldra var ekki sérstaklega til umfjöllunar.

Kæruatriði eru fyrst og fremst eftirfarandi: 1. Umfjöllunin var einhliða og kæranda ekki gefinn kostur á að tjá sig um sína hlið mála. 2. Frásögn um að barnsfaðirinn hafi „yfirgefið“ viðmælandann á meðgöngutímanum, „að því er virðist að ósekju“, olli kæranda sársauka og vanvirðu. 3. Að þó kærandi sé ekki nafngreindur sé viðmælandinn þekkt persóna og barnsfaðernið opinberar upplýsingar. Vísað er til 1. og 3. gr. siðareglna BÍ. Loks er 4. tiltekið að myndbirtingar af barni viðmælandans og kærandans í viðtalinu hafi ekki verið með leyfi barnsins og barnföðurins, kæranda og feli í sér brot á friðhelgi einkalifs barnsins.

Í andsvörum kærðu er vísað til úrskurðar SBÍ nr. 8/2016-2017 þess efnis að þess verði ekki krafist að andstæðum sjónarmiðum sé ávallt gerð skil í sömu umfjöllun/útsendingu, en þess utan hafi kærandi ekki gert reka að því að nýta rétt sinn til andsvara – sem hann verði að bera hallann af. Áhersla er lögð á að um sé að ræða viðtal við opinbera persónu, sem vildi opna á umræðu um móðurhlutverkið, um stöðu kvenna sem verða einhleypar á meðgöngu og hafi viljað hjálpa öðrum konum – og hafi sérstaklega tekið fram að hún vildi ekki kasta skugga á barnsföður sinn. Forræðisdeila viðkomandi foreldra hafi ekki verið til umfjöllunar í viðtalinu og í fréttinni á visir.is hafi engar ályktanir verið dregnar heldur eingöngu byggt á ummælum viðmælandans í viðtalinu. Kærðu leggja áherslu á, að um mikilvæga samfélagslega umræðu hafi verið að ræða, sem njóti sérstakrar verndar í stjórnarskrá. Hvað myndbirtingar af barninu varðar benda kærðu á að ákvæði persónuverndarlaga nái með takmörkuðum hætti til fjölmiðla vegna undanþáguákvæða, en í umfjöllun fjölmiðilsins hafi verið gætt að því að vinnsla persónuupplýsinga færí fram með sanngörnum, málefnalegum og áreiðanlegum hætti.


Umfjöllun

Um er að ræða viðtal við einstæða móður um móðurhlutverkið og sambandsslit á meðgöngutímanum, þar sem barnsfaðirinn var ekki nefndur á nafn. Forræðisdeila viðkomandi foreldra var ekki til umfjöllunar. Kæruatriði lúta einkum að orðum viðmælandans, sem um leið ber ábyrgð á þeim ummælum. Í ljósi þessa var ekki fyrir hendi brýn nauðsyn á að andstæð sjónarmið kæmu fram í sömu umfjöllun/útsendingu, sbr. m.a. úrskurð SBÍ í máli nr. 8/2016-2017. Að mati siðanefndar verður ekki talið brot á siðareglum að viðmælandi fjölmiðils tjári sig um þá upplifun að ónafn greindur barnsfaðirinn hafi „yfirgefið“ sig á meðgöngutímanum, enda er það ekki fullyrðing eða ályktun fjölmiðilsins.


Hvað varðar myndbirtingar af barni viðkomandi einstaklinga, sem fylgdu viðtalinu, er þess að gæta að myndefnið var úr safni móðurinnar, sem hefur forræðið á sinni hendi og veitti leyfi fyrir myndbirtingunni. Hvað sem líður persónuverndarlögum getur viðkomandi myndbirting ekki talist brot á siðareglum BÍ.

Úrskurður: Kærðu, Sýn, Valgerður Matthíasdóttir og Sunna Kristín Hilmarsdóttir, brutu ekki siðareglur BÍ í máli þessu.


Reykjavík, 15. desember 2020,



Björn Vignir Sigurpálsson



Hjörtur Gíslason



Ásgeir Þór Árnason



Nanna Teitsdóttir



Friðrik Þór Guðmundsson